

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöruflutninga á landi.

1. gr.

Ákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/94 og 60/95 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26c:

26d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) 3118/93 varðandi fyrir-tæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu.

2. Eftirfarandi bætist við lið 26c á undan aðlögunarliðnum:

„eins og henni var breytt með“:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3315/94 frá 22. desember 1994 um breytingu á reglu-gerð (EBE) nr. 3118/93 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir.

2. gr.

Ofantaldar gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 45, dags. 3. október 1996, bls. 63 og viðbæti nr. 50, dags. 17. desember 1994, bls. 69.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um vöruflutninga á landi nr. 47/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 1. október 1996.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 577

1. nóvember 1996

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð iðnaðarins.

1. gr.

Nafn, heimili.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður iðnaðarins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn var upphaflega stofnaður með stofnskrá sem staðfest var 23. mars 1976, og kemur þessi stofnskrá í stað þeirrar stofnskrár.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og jafnframt að vekja athygli á þeim afrekum, sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.